

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Fjarðabyggð.

#### *Dalur, athafnasvæði.*

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 7. september 2023 deiliskipulag Dals, athafnasvæðis. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir athafnasvæði innan þéttbýlismarka á Eskifirði. Afmörkun deiliskipulagsins er innan skilgreinds svæðis fyrir athafnasvæði (reitur AT-200) samkvæmt aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi Norðfjarðarveggar og nágrennis að gangamunna á Eskifirði.*

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 7. september 2023 breytingu á deiliskipulagi, Norðfjarðarveggar og nágrennis að gangamunna á Eskifirði. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í gildi er deiliskipulag Norðfjarðarveggar og nágrennis að gangamunna á Eskifirði sem staðfest var í bæjarstjórn 20. júní 2013.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040, er svæðið sem breytingin nær til skilgreint sem athafnasvæði (AT-200) og opið svæði.

Forsendur deiliskipulagsbreytingarinnar eru að með nýju aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040 var ákveðið að breyta landnotkun svæðisins inni í dal á Eskifirði og gera m.a. ráð fyrir athafnasvæði. Nú þegar er eftirspurn eftir atvinnulóðum á Eskifirði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki en engar lausar lóðir.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 28. september 2023,*

**Aron Leví Beck**, skipulags- og umhverfisfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 12. október 2023